

**Sp.**

**457. Tillaga til þingsályktunar**

**[229. mál]**

um skólasel.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Helgi Seljan, Kolbrún Jónsdóttir,  
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórður Skúlason,  
Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að sjá til þess að skólaseljum, þ.e. útibúum frá aðalskólum fyrir yngstu bekkji grunnskóla, verði komið á fót þar sem þeirra er þörf. Stefnt skal að því að engin börn innan 10 ára aldurs þurfi að dveljast í heimavist á næsta skólaári.

**Greinargerð.**

Í 4. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, segir svo:

„Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda, þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7–10 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.“

Þrátt fyrir þessa lagaheimild hafa aðeins fá slík útibú verið stofnsett og starfrækt hér á landi til þessa. Enn þurfa ótrúlega mörg börn að dveljast um lengri eða skemmri tíma fjarri heimilum sínum vegna lögboðinnar skólagöngu.

Á yfirstandandi skólaári þurfa 459 nemendur á aldrinum 7–12 ára að dveljast í heimavist, þar af 180 börn á aldrinum 7–9 ára. Dvalartími er mislangur, 7–24 vikur hjá yngri börnunum, en 16–30 vikur samtals hjá þeim eldri. Þessar upplýsingar koma fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn fyrr á þessu þingi, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Vafalaust eru ýmsar ástæður fyrir því að ekki hafa verið stofnsett fleiri skólasel þrátt fyrir ótvíræða heimild í lögum. Ljóst er af orðalagi greinarinnar að fræðsluráð viðkomandi staða ráða mestu um framkvæmdina. Fyrst og fremst hljóta það þó að vera foreldrarinn sem knýja á um aðgerðir og víst er að það hefur ekki alls staðar verið auðsótt mál. Auk þess hafa flutningsmenn þessarar tillögu ríka ástæðu til að ætla að mörgum foreldrum sé allsendis ókunnugt um þennan möguleika til úrlausnar og hafi því ekki reynst sá þrýstihópur sem virðist þurfa til.

Rökin, sem heyrst hafa gegn skólaseljum, hafa einkum verið þau að rekstur þeirra sé of kostnaðarsamur, þau verði alltaf illa búin námsgögnum vegna þess hve nemendur eru fáir og erfitt sé að fá kennara til að taka að sér kennslu í skólaseljum. Að mati flutningsmanna eru þessi rök léttvæg miðað við þann ávinning sem skólaselin hafa í för með sér og engin afsökun fyrir því að nýta ekki þessa lagaheimild.

Ekki þarf stofnun skólaselja alls staðar að vera svo mikið fyrirtæki þar sem víða má nýta lítt notað húsnæði, svo sem félagsheimili eða sveitaheimili þar sem aðstæður hafa breyst og rýmkast um. Kennsla í yngstu bekkjum grunnskóla krefst ekki svo mikilla gagna að það geti á nokkurn hátt verið hindrun í vegi fyrir stofnun skólaselja. Erfiðast kann að vera að fá kennara til starfa en það er gömul saga sem á rætur sínar í ómaklegum kjörum þeirrar stéttar sem við treystum fyrir uppfræðslu og að hluta til uppeldi barnanna okkar.

Allt of mikið er horft í kostnað þegar börn eiga í hlut en of lítið skeytt um sálarheill þeirra. Þótt bernskuárin séu orðin fjarlæg ætti hver og einn fullorðinn að geta sett sig í spor

foreldris sem verður að láta frá sér 7–12 ára barn sitt vikum saman og veit oft lítið hvað það má reyna. Aðstæður í heimavist eru yfirleitt gjörólíkar því sem barnið hefur vanist á heimili sínu og viðbrigðin gífurleg. Slík reynsla getur haft varanleg áhrif á viðkvæma barnssál, og áreiðanlega frekar til hins verra.

Skólastjórar, kennarar og umsjónarmenn heimavista bera mikla ábyrgð sem misjafnlega gengur að axla. Börnin eru líka eins misjöfn og þau eru mörg og ekki þarf nema einn gikk til að skapa illviðráðanleg vandamál í heimavist. Í raun ætti ekki að þurfa að bjóða nokkru barni undir 12 ára aldri upp á það að dveljast langdvölum í heimavist fjarri foreldrahúsum. Að fyrirmynd grunnskólalaganna eru mörkin í tillögu þessari sett við 10 ára aldurinn. Sjálfsgagt er þó að stefna að því á allra næstu árum að börn innan 12 ára þurfi ekki að dveljast í heimavist.

Enda þótt lagaheimildin virðist gera ráð fyrir að frumkvæði að stofnun skólaselja komi frá fræðsluráðum er ábyrgðin hjá menntamálaráðuneyti og því eðlilegt að það taki nú af skarið um að koma á fót skólaseljum þar sem þeirra er þörf. Flutningsmönnum er ljóst að þrátt fyrir tvímælalausan rétt foreldra og barna um allt land eru aðstæður sums staðar slíkar að ekki er unnt að framfylgja markmiðum þessarar tillögu. En lögð skal áhersla á að leitað verði yftrustu leiða til verulegra úrbóta.

Í þjóðfélagi nútímans, sem menn vilja kenna við velferð, er með öllu óverjandi að bjóða 180 börnum undir 10 ára aldri að þurfa að dveljast langdvölum í heimavist. Núverandi ástand, þar sem eingöngu er um heimavist að ræða, minnir einna helst á fráferurnar í gamla daga, nema hvað nú eiga ekki ær og lömb í hlut heldur foreldrar og börn.

## Fylgiskjal.

### **Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um útibú frá aðalskóla o.fl.**

1. Útibú frá aðalskóla eru alls 7.
2. Alls 180 nemendur á aldrinum 7-9 ára dveljast í heimavistum á yfirstandandi skólaári. Dvalartími er 7-24 vikur samtals.  
Á aldrinum 10-12 ára dveljast 279 nemendur í heimavistum.  
Dvalartími er 16-30 vikur samtals.

*Viðauki.*

#### **1. Skólasel – útibú frá aðalskóla.**

*Aðalskóli.*

*Útibú.*

Vesturlandsumdæmi:

Laugaskóli í Döllum.

Útibú í Saurbæjarhreppi.

Vestfjarðumdæmi:

Grunnsk. á Ísafirði.

Útibú í Hnífsdal.

Norðurlandsumdæmi vestra:

Laugabakkaskóli.

Húnavallaskóli.

Víðihlíð í Þorkelshólshreppi.

Flóðvangur í Vatnsdal.

Fremstagil í Langadal.

Norðurlandsumdæmi eystra:

Grunnsk. í Skútustaðahreppi.

Reykjahlíð.

Austurlandsumdæmi:

Hallormsstaðaskóli.

Mýrar í Skriðdal.

## 2. Fjöldi nemenda í heimavist.

	7 ára	8 ára	9 ára	10 ára	11 ára	12 ára	Alls	Dvalartími í vikum
<b>Vesturlandsumdæmi:</b>								
Varmalandsskóli .....	13	18	13	9	19	17	89	9-30
Laugargerðisskóli .....	4	3	5	8	4	5	29	16-30
Laugaskóli í Dölum .....	5	6	9	11	12	15	58	20-23
<b>Vestfjarðumdæmi:</b>								
Grunnsk. í Geirdalshreppi .....	1	3	2	2	3		11	15-24
Reykholtsskóli .....	1		1	2	2	3	9	24-30
Grunnsk. í Rauðasandshreppi ..						4	4	28
Grunnsk. í Reykjanesi .....	2	4	4	4	2	2	18	7-22
Finnbogastaðaskóli .....	4	3	4	3	1	1	16	14-16
<b>Norðurlandsumdæmi vestra:</b>								
Laugabakkaskóli .....				2	4	2	8	30
Varmahlíðarskóli .....			1	1	1	2	5	30
<b>Norðurlandsumdæmi eystra:</b>								
Húsabakkaskóli .....	8	3	5	6	5	7	34	22-30
Stórutjarnaskóli .....				4	10	8	22	30
Grunnsk. í Bárðardal .....	5	3	2	8	3	3	24	
Hafralækjarskóli .....	2	1		1	2	2	8	29-30
Grunnsk. í Skúlagarði .....	2	2	5		2		11	30
<b>Austurlandsumdæmi:</b>								
Grunnsk. á Vopnafirði .....			4	5	2	2	13	29
Brúarásskóli .....	1	3		4	1	3	12	17-27
Skjöldólfsstaðaskóli .....	1	2	3	3	6	5	20	16-27
Grunnsk. á Eiðum .....	4	4	5	5	7	3	28	15-29
Hallormsstaðaskóli .....			4	6	6	8	24	29
<b>Suðurlandsumdæmi:</b>								
Kirkjubæjarskóli .....			4	3		2	9	30
Ljósafossskóli .....	1			3	1		5	20-30
<b>Samtals</b>	<b>54</b>	<b>55</b>	<b>71</b>	<b>90</b>	<b>93</b>	<b>96</b>	<b>459</b>	